



Fréttabréf forseta

Ágætu formenn

Nú er hauststarf deildanna hafið og allar deildir búnar að halda sína fyrstu fundi. Ég er búin að hafa samband og/eða hitta allmarga formenn og heyra af starfinu. Sumar deildir er ég nú þegar búin að heimasækja og vonandi tekst mér að koma til ykkar allra. Ég hvet ykkur til að bjóða konum sem staddir eru erlendis eða eru veikar að vera með á fundum í gegnum rafræna tækni. Þá missa þær ekki af neinu í deildastarfinu.

Styrkjum tengsl til framtíðar

Við höfum svo sannarlega verið að styrkja tengsl til framtíðar undanfarnar vikur þar sem deildir hafa verið að miðla fréttum á Facebook síðuna okkar og heimasíðu DKG. Félagskonur hafa líka verið að kynna störf sín, bókaútgáu, efni á fundum, nefndarstörf á alþjóðavettvangi og svo mætti lengi telja. Umræður á FB síðunni hafa verið líflegar og skemmtilegar. Ég hvet

Félagsgjaldið (kr. 8000) er örugglega frágengið í ykkar deild en formaður ber ábyrgð á að það skili sér á réttum tíma. Þið fáið allar upplýsingar um fjármál hjá gjaldkeranum okkar Jensínu Valdimarsdóttur, jensina@lmi.is Útgáfunefndin sem samanstendur af konum úr Beta- og Mý deildum hefur sent ykkur beiðni um efni og mikilvægt er að bregðast við því strax.

ykkur til að fá enn fleiri konur til að tengjast FB síðunni. Þannig getum við eftl umræður okkar á milli og styrkt tengsl okkar enn frekar.

DKG

STJÖRNUNÁMSKEIÐ

Sigrún Jóhannesdóttir er byrjuð að halda stjórnendanámskeið í deildunum. Endilega hafið samband við hana og fáið hana til ykkar. Það styrkir allar félagskonur faglega og einstaklingslega að hlusta á Sigrúnu. sigrun@frae.is

Alþjóðastarfið

Alþjóðasamtökin eru að auglýsa eftir fyrirlesurum á næsta alþjóðþingi. Ég bið ykkur að hvetja félagskonur til að sækja um og segja frá því sem þær hafa verið að vinna með, skrifa um og/eða rannsaka. Bendi ykkur á að skoða heimasíðuna Slóðin er: <https://www.dkg.org/content/2014-convention-workshop-proposal-form> Umsóknarfrestur er til 3.janúar 2014.

Næsta alþjóðþing verður í Indianapolis 28.júlí— 1.ágúst og gaman væri að fjölmenna þangað.

Höfum fundina okkar fræðandi og fjöruga. Skiptumst á skoðunum og styrkjum tengslin.

Með kveðju

Guðbjörg

Munið handbókina á heimasíðunni dkg.muna.is

- Mikilvægt er að senda dagskrá vetrarins til Eyglóar Björnsdóttur vefstjóra þannig að það komist inn á viðburðadagatalið okkar. eyglob@unak.is
- Munið að leiðrétta félagatalið ykkar og senda leiðréttingar til Elinborgar Sigurðardóttur formanns félaganefndar: elinborg@skolasud.is
- Fyrsta fréttabréf nýrrar útgáfunefndar er í vinnslu og mikilvægt er að formenn sendi útgáfunefnd upplýsingar um deildastarfið strax.
- Minni ykkur á að gerast félagar á Facebook. Skemmtilegar uræður og fretter af félagskonum.
- Ef þið viljið gefa til hjálparstarfs þá er DKG styrktaraðilar að Schools for Afrika í samstarfi við UNICEF.
- Nú er rétti tíminn til að velja konur í uppstillinganefnd sem kemur með tillögum að næstu stjórn. Nefndin þarf að skila núverandi stjórn tillögum sínum í febrúar.

Vorþingið verður 10.maí á Ísafirði. Takið daginn frá því við ætlum að mæta og hafa gaman saman.